

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

c/o Nefndasvið Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Mógilsá og Egilsstaðir, 31. 08. 2016

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun (674. mál).

Skógræktin gerir fáar athugasemdir við frumvarp til laga um Umhverfisstofnun. Þær lagabreytingar sem kynntar eru í frumvarpinu eru flestar til bóta frá núgildandi lögum (nr. 90/2002). Samt leggjum við til orðalagsbreytingu á 7. gr. frumvarpsins, þar sem vikið er að stjórnsýslulegu hlutverki Umhverfisstofnunar við framfylgd samningsins um líffræðilega fjölbreytni, eða einstakra greina hans, til þess að hlutverk stofnunarinnar megi verða skýrara.

Þar stendur:

„7. gr. Náttúruvernd og umhverfisábyrgð.

Umhverfisstofnun skal stuðla að verndun náttúru með markvissum verndarráðstöfunum. Stofnunin fer með eftirlit á sviði náttúruverndar og umhverfisábyrgðar þar sem um umhverfistjón er að ræða eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni, tekur ákvarðanir um veitingu leyfa og skal beita sér fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni íslenskrar náttúru, heftir útbreiðslu framandi ágengra tegunda og setur skilyrði fyrir notkun erfðabreyttra lífvera eins og nánar er kveðið á um í öðrum lögum.“

Í greinargerð við 7. gr. segir:

„Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli stuðla að verndun náttúru og beita sér fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni hennar, sem er í samræmi við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Þá er tiltekið að stofnunin skuli stuðla að því að hefta útbreiðslu framandi ágengra tegunda í samræmi við áætlanir þar að lútandi og setja skilyrði fyrir notkun erfðabreyttra lífvera, sem felur í sér að stofnunin veitir leyfi fyrir notkun þeirra.“

Skógræktin bendir á að Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni frá árinu 1992 („Ríosamningurinn“) felur í sér að „samningsaðilar“ (þ.e. Þjóðríki - svo sem Ísland) hafa skuldbundið sig þjóðréttarlega til þess að hlíta og framfylgja **öllum greinum samningsins** –

ekki aðeins nokkrum völdum greinum eða undirgreinum þeirra. Með orðalaginu í fyrstu málsgrein 7. greinar lagafrumvarpsins hefur ætlunin væntanlega verið sú að skýra hlutverk Umhverfisstofnunar í stjórnsýslu íslenska ríkisins við að koma sáttmálanum í framkvæmd hér á landi (sbr. greinargerð: „stuðla að verndun náttúru og beita sér fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni hennar, sem er í samræmi við samninginn um líffræðilega fjölbreytni.“). Í sömu málsgrein er hins vegar sérstaklega tekið fram að til verndar líffræðilegri fjölbreytni náttúru skuli það vera hlutverk Umhverfisstofnunar að hefta útbreiðslu framandi ágengra tegunda og setja skilyrði fyrir notkun erfðabreyttra lífvera. Að okkar dómi er slíkt óþörf tvítekning, því í sáttmálanum eru ákvæði um hvort tveggja þegar til staðar – ásamt mörgu öðru sem ætti að falla innan verksviðs Umhverfisstofnunar. Á hinn bóginn er hættan sú, að málsgreinin verði túlkuð þannig að gefa eigi tveimur undirgreinum 8. greinar samningsins mun meira vægi en öllum öðrum greinum samningsins í stjórnsýsluhlutverki Umhverfisstofnunar. Telur Skógræktin óþarfa að taka þessi atriði sérstaklega út fyrir sviga eða leggja meiri áherslu á framandi ágengar eða erfðabreyttar lífverur en önnur atriði sem samningurinn um líffræðilega fjölbreytni nær til. Einnig er að okkar dómi óljóst með hvaða hætti Umhverfisstofnun hyggst hefta útbreiðslu framandi tegunda sem falla í þann flokk að teljast „ágengar“ (skv. skilgreiningu í náttúruverndarlögum: „Ágeng framandi lífvera: Framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni.“¹). Verður það t.a.m. hlutverk Umhverfisstofnunar að hlutast til um eða annast með beinum hætti eyðingu skaðvalda úr skordýraríkinu sem borist hafa til landsins með varningi á undanförunum árum og sem valda tilfinnanlegu tjóni á innlendum tegundum, svo sem raunin er með birkikembu (*Eriocrania unimaculella*) á íslensku birki (*Betula pubescens*) eða asparglyttu (*Phratora vitellinae*) á íslenskum gulvíði (*Salix phylicifolia*)?

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni skiptist í 42 greinar, auk viðauka. Sumar greinar samningsins skiptast síðan í undirgreinar, eða liði. Dæmi um slíkt er 8. greinin.

Í 8. gr. (g-lið) stendur: [Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi:]

„koma á eða halda við aðferðum til að stýra, stjórna eða hafa eftirlit með þeirri áhættu sem tengist því að nota og sleppa lifandi, erfðabreyttum lífverum sem eru líklegar til að hafa skaðleg áhrif á umhverfið sem gætu haft áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Um leið skal gefa gaum af áhættunni fyrir heilsu manna,“

Í 8. gr. (h-lið) stendur: [Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi:]

„koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær,“

Ef ætlunin með frumvarpinu er að lögfesta stjórnsýslulegt hlutverk Umhverfisstofnunar sem m.a. felst í framfylgd sáttmálans um líffræðilega fjölbreytni, væri réttara, skýrara og einfaldara að vísa til sáttmálans í heild sinni. Hinn kosturinn væri sá að gefa öllum greinum sáttmálans jafnt vægi við lýsingu á stjórnsýslulegu hlutverki Umhverfisstofnunar í hverri grein

eða lið samningsins. Slíkt myndi lengja mjög lagatextann. Ef síðari kosturinn yrði fyrir valinu, þyrfti þá um leið að skýra hlutverk Umhverfisstofnunar við að framfylgja mörgum öðrum greinum og undirgreinum samningsins, m.a. 8. gr. samningsins (f-lið): „[Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi:] endurbyggja og lagfæra spillt vistkerfi og stuðla að því að tegundir sem í hættu eru nái sér aftur á strik, meðal annars með þróun og framkvæmd áætlana eða annarra stjórnunaraðferða.“

Því leggjum við til eftirfarandi orðalagsbreytingu á 7. grein lagafrumvarpsins:

„Umhverfisstofnun skal stuðla að verndun náttúru með markvissum verndarráðstöfunum. Stofnunin fer með eftirlit á sviði náttúruverndar og umhverfisábyrgðar þar sem um umhverfistjón er að ræða eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni, tekur ákvarðanir um veitingu leyfa og skal beita sér fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni íslenskrar náttúru *í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni*¹, heftir útbreiðslu framandi ágengra tegunda og setur skilyrði fyrir notkun erfðabreyttra lífvera eins og nánar er kveðið á um í öðrum lögum.“

... og til samræmis, viðeigandi breytingar á greinargerðinni við frumvarpið.

„Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli stuðla að verndun náttúru og beita sér fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni hennar, sem er í samræmi við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Þá er tiltekið að stofnunin skuli stuðla að því að hefta útbreiðslu framandi ágengra tegunda í samræmi við áætlanir þar að lútandi og setja skilyrði fyrir notkun erfðabreyttra lífvera, sem felur í sér að stofnunin veitir leyfi fyrir notkun þeirra.“

Virðingarfyllst,



Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson,

Fagmálastjóri Skógræktarinnar



Dr. Þröstur Eysteinnsson,

Skógræktarstjóri

¹ Lög um náttúruvernd nr. 60/ 2013 <http://www.althingi.is/lagas/145a/2013060.html>

² Samningur um líffræðilega fjölbreytni: https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Samningur-um-liffraedilega-fjolbreytni.pdf